

„Kerfið þenst út á kostnað fólksins sem ekki er aflögufært“

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2012 var lagt fram á borgarstjórnarfundi í dag. Í ræðu sinni sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokksins frumvarpið enn eitt dæmið um það hvernig „kerfið þenst út á kostnað fólksins sem ekki er aflögufært“. Hún sagði það ekki koma á óvart að þar skorti alla pólitíska sýn, stefnu og forgangsröðun fyrir Reykjavík. „Meirihluti Samfylkingar og Besta flokks virðist ekki hafa neina aðra forgangsröðun en þá að verja kerfið á kostnað borgarbúa. Meirihlutinn heldur því fram að þannig hafi náðst mikill afgangur í rekstri borgarinnar, en nefnir ekki að sá afgangur er tilkominn vegna of hárra skatta og gjalda á almenning. Ekki er sýnt fram á raunverulega hagræðingu í miðlægri stjórnsýslu. Umfang kerfisins minnkar ekki, launakostnaður eykst umfram samningsbundar launahækkanir og starfsfólki í ráðhúsinu fjölgar svo fátt eitt sé nefnt sem betur hefði mátt vinna til að hlífa borgarbúum við frekari álögum“.

Enn meiri greiðslubyrði á borgarbúa

Meirihlutinn ætlar að fá 500 milljónir vegna gjaldskrárhækkana frá borgarbúum á árinu 2012. Þetta er gert þrátt fyrir það að ekki er um tekjuskerðingu að ræða hjá borginni heldur aukast skatttekjur þvert á móti um 4,2 milljarða á milli ára. Frá árinu 2010 hafa skatttekjur borgarinnar aukist um 15% og samt sést ekki fyrir endann á gjaldskrárhækkunum og skattheimtu hjá meirihlutanum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bentu á það fyrir ári síðan að skattahækkanir sem áttu að taka 800 milljónir úr vösum borgarbúa, væru óþarfar. Það kom í ljós í lok sumars að borgin hafði oftekið skatt en skatttekjur borgarinnar voru 1,6 milljarður króna umfram áætlun sem staðfesti að ekki hafi þurft að grípa til skattahækkana. Það virðist ekkert lát vera á hversu mikið meirihlutinn vill ráðskast með ráðstöfunarfé borgarbúa og belgja með því út stjórnsýslu borgarinnar.

Heildargjaldskrárhækkanir á barnafjölskyldur í borginni má áætla að séu um 35% síðan 2010 og þá er útsvarshækkun ekki meðtalin.

Aukinn kostnaður við miðlæga stjórnsýslu

Rekstarútgjöld A- hluta hækka um 3,4 milljarða frá árinu 2011, launahækkanir eru þar 1,4 milljarður en afgangurinn er annar rekstrarkostnaður. Það má spyrja sig hvort það sé nauðsynlegt að auka annan rekstrarkostnað um 2 milljarða og hvort þau verkefni sem þar búa að baki séu nauðsynleg. Borgarbúar hafa að minnsta kosti ekki fengið að velja eða forgangsráða verkefnum en fá þess í stað sendan reikninginn.

Á sama tíma og þetta gerist er meirihlutinn að setja á stofn nýja deild í Ráðuhúsi Reykjavíkur sem á að halda utan um samskipti við fjölmiðla og eykst miðlægur kostnaður vegna þessa.

Starfsmönnum hefur fjölgað úr 229 í 240 í Ráðhúsinu á einu og sama árinu sem meirihlutinn ætlaði að skera niður um 300 milljónir í miðlægri stjórnsýslu.

Í ofanálag er áætlað að hið umdeilda skrefagjald sé að skila 40 – 50 milljónir á ári og ekki er hægt að sjá að hagræðing í skólakerfinu sem setti allt skólasamfélagið í uppnám fyrr á árinu sé að skila nokkrum árangri.

Skuldir borgarsjóðs tvöfaldast síðan 2010

Ný lántaka vegna framkvæmda á árinu 2012 er áætluð 6,2 milljarða. Það hefði verið ábyrgara að fresta einhverju af þeim fjárfestingaverkefnum sem lagt er í og forgangsraða frekar í þágu barna og fjölskyldna í borginni.

Skuldir aukast um 6,8% á árinu 2012 og hafa aukist þá um 51% frá árinu 2010.

Það er ljóst að ef borgarbúar hefðu haft eitthvað um forgangsröðun í fjárhagsáætluna að segja hefðu þeir líklega ekki ákveðið að hækka enn álögur á fólkið til þess að belgja enn frekar út kerfið og gera meirihlutanum kleift að vinna að sínum gæluverkefnum á meðan þjónusta er skert við borgarbúa. Íbúar Reykjavíkur eiga svo miklu betra skilið en þetta, miðað við hversu vel gekk að koma Reykjavíkurborg í gegnum efnahagshrunið ætti staðan að vera góð þannig að borgarbúar ættu að fá að loks að fá að njóta þess með lægri greiðslubyrði.

Nánari upplýsingar veitir Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins s. 661 0101